

## FUNDARGERÐ

Árið 2019, fimmtudaginn 8. ágúst kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Karen E. Halldórsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson og Tómas Ellert Tómasson (í fjarveru Margrétar Þórarinsdóttur) ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri og Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 29. júlí 2019

Lögð var fram fundargerð frá 29. júlí 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Ákveðið var að fresta fyrirtöku fundargerðar til næsta fundar ráðgjafarnefndar.*

### 2. Greiðslur úr ríkissjóði til fimm sveitarfélaga í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Grímsnes- og Grafningshrepps gegn íslenska ríkinu vegna árána 2013–2016

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi nefndarinnar.

### 3. Kröfur fimm sveitarfélaga um greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna óheimilar skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna árána 2017 og 2018

Lagt var fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dags. 6. ágúst 2019, þar sem óskað er eftir að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga taki afstöðu til þeirrar tillögu ráðuneytisins að Jöfnunarsjóður fái að láni fjármuni úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs og greiði til baka á nokkrum árum til að standa skil á greiðslum til sveitarfélaganna fimm. Það verði síðan sjálfstætt athugunarefni næstu vikna hvernig staðið verði að frekari uppgjöri milli ríkissjóðs og Jöfnunarsjóðs vegna málsins, ásamt því að tekið verði til skoðunar hvort að Jöfnunarsjóður geri kröfu á hendur þeim sveitarfélögum sem fengu ofgreitt úr sjóðnum á árunum 2013–2018 vegna hinna ólögmetu skerðinga. Jafnframt vöru lögð fram drög að minnisblaði frá lögmanni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem könnuð eru þau álitamál sem snúa að kröfu sveitarfélaganna fimm um óskerta úthlutun úr Jöfnunarsjóðnum síðustu ár. Samandregnar niðurstöður minnisblaðsins eru að senda skal sveitarfélögum fimm tilkynningu um að ákvarðanir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árin 2017 – 2018 hafi verið afturkallaðar og nýjar ákvarðanir teknar á grundvelli Hæstaréttardóms nr. 34/2018. Þá skal greiða kröfur sveitarfélaganna við fyrsta tækifæri af eignum Jöfnunarsjóðs

*Ákveðið var að leggja til við ráðherra að greiða kröfur sveitarfélaganna fimm úr Jöfnunarsjóði. Einnig var ákveðið að vinna lögfræðialit varðandi álitaeefni sem snúa að því að Jöfnunarsjóður geri kröfu á hendur þeim sveitarfélögum sem fengu ofgreitt úr sjóðnum á árunum 2013–2018. Þá var eftirfarandi bókun samþykkt af öllum nefndarmönnum öðrum en Birgi Birni Sigurjónssyni sem lagði fram sérbókun:*

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir eftirfarandi bókun vegna kröfu fimm sveitarfélaga um greiðslur úr ríkissjóði vegna óheimilar skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árin 2017 og 2018:

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið heimilt að skerða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 1226/2012, leggur nefndin til við ráðherra að ákvarðanir um skerðingar úthlutana úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna fimm sem byggðar voru á 3. ml. 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga á árunum 2017-2018 verði afturkallaðar og nýjar ákvarðanir um úthlutun þessara framlaga eigi sér stað. Með þessu er tryggt að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sé í samræmi við lög og réttarástandi þar með komið í lögmætt horf. Heildarfjárhæð krafna sveitarfélaganna vegna árána 2017 og 2018 nemur um 451 m.kr. Jafnframt er ljóst vegna endurútreiknings á framlögum þessara fimm sveitarfélaga miðað við þær fjárveitingar sem til reiðu voru á árunum 2017-2018 að önnur sveitarfélög en þau fimm sem hér um ræðir hafa fengið ofgreitt sem nemur skerðingunni.

Þrátt fyrir að sjóðurinn inni af hendi greiðslur til sveitarfélaganna fimm á næstu dögum leggur ráðgjafarnefndin áherslu á að settir eru fyrirvarar um að Jöfnunarsjóður eigi að bera þennan kostnað að fullu, m.a. með vísan í óvissu um úthlutun til annarra sveitarfélaga þessi 2 ár. Ráðgjafarnefndin fer því fram á að greiðsla vegna árána 2017-2018 verði rædd með sambærilegum hætti og þær greiðslur sem ríkissjóður innti af hendi vegna árána 2013-2016, þannig að ekki þurfi að koma til framtíðarskerðinga á framlögum til sveitarfélaga vegna þessa formgalla.

Jafnframt hvetur ráðgjafarnefndin samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að hlutast til um að ef endanlega lendi greiðslur á Jöfnunarsjóðnum sem afleiðing Hæstaréttardóms í máli nr. 34/2018 verði sú fjárhæð bætt sjóðnum, m.a. þar sem þær ákvarðanir sem leiddu til niðurstöðu Hæstaréttar voru ekki teknar af ráðgjafarnefndinni og eru alfarið á ábyrgð ríkissjóðs.

Ótækt er að mistök við lagasetningu leiði til skertra framlaga til handa sveitarfélögum úr Jöfnunarsjóði. Um er að ræða lögbundinn tekjustofn sveitarfélaga sem verður ekki á nokkurn hátt skertur nema með lagasetningu, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

Nefndarmaðurinn Birgir Björn Sigurjónsson bókaði eftirfarandi:

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018, þar sem komist var að því að ekki hafi verið heimilt að skerða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 1226/2012, leggur ráðgjafarnefnd til við ráðherra að ríkissjóður greiði umræddum sveitarfélögum framkomna kröfu þeirra fyrir árin 2017 og 2018.

Ekki eru lagalegar forsendur fyrir þátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í greiðslu til sveitarfélaga vegna skertra framlaga. Umræddar kröfur beinast að ríkissjóði og eru vegna ófullnægjandi lagasetningar sem er alfarið á ábyrgð ríkissjóðs. Ótækt er að slík mistök leiði til skertra framlaga til handa sveitarfélögum úr Jöfnunarsjóði. Um er að ræða lögbundinn tekjustofn sveitarfélaga sem verður ekki á nokkurn hátt skertur nema með lagasetningu, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekkert hefur komið fram sem sýnir að ótilgreind sveitarfélög hafi fengið ofgreidd framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2013-2018 og engar forsendur eru fram komnar sem réttlæta slíka kröfugerð gagnvart ótilgreindum sveitarfélögum sem tekið hafa við framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í góðri trú.

#### 4. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 5. september kl. 11:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:40.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Tómas Ellert Tómasson

---

Stefán Vagn Stefánsson